

## Ársskýrsla Siðanefndar heilbrigðisrannsókna á Landspítala 2017

Siðanefnd heilbrigðisrannsókna á Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr 44/2014 og reglugerð sama efnis nr 1186/2014. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og í samvinnu við tengdar menntastofnanir. Óheimilt er að framkvæma rannsókn á heilbrigðissviði nema hafa áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 14 fundir á árinu 2017. Fjöldi erinda var sem hér segir:

Nýjar umsóknir	58
Viðbætur/breytingar	21
Fyrirspurnir	86
<b>Samtals</b>	<b>165</b>

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.

2013	2014	2015	2016	2017
56	53	49	56	58

Nýjar umsóknir voru 58 á árinu. Af nýjum umsóknum voru grunnnámsverkefni 21 og 16 meistara og doktorsverkefni. Heildarfjöldi umsókna var svipaður og á síðasta ári.

Afgreiðsla umsókna var sem hér segir:

Samþykkt án athugasemda	1
Samþykkt með athugasemdum og skilyrðum	42
Óskað frekari upplýsinga	2
Bíða umfjöllunar	4
Annað	9

Jón Snædal lét af formennsku 1.ágúst og við tók Ólafur Samúelsson sérfræðilæknir á Landakoti.

Nefndarmenn í árslok eru:

Ólafur Samúelsson sérfræðilæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn  
-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sverrir Harðarson læknir, tilnefndur af lækna ráði  
-Sigrún Reykdal læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði  
-Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Helga Þórðardóttir lögfræðingur, tilnefnd af framkvæmdastjórn  
- Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn  
-Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Þóra Steingrímsdóttir prófessor og yfirlæknir, tilnefnd af Háskóla Íslands  
- Sigurlaug Benediktsdóttir læknir, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu  
-Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.

#### Annað

- Afgreiðsla máls 14/2013 hélt áfram í byrjun árs. Nefndarmenn voru allir samþykkir þeirri tillögu að ráðleggja rannsakendum að senda inn nýja umsókn, sem innihéldi einnig þau viðbótargögn sem óskað var eftir, og nefndin tæki fyrir og afgreiddi umsókn frá grunni. Ný umsókn barst nefndinni í apríl og var samþykkt í maí.
- Smávægilegar breytingar voru gerðar á umsóknareyðublaði nefndarinnar á haustdögum.

Reykjavík, 15. febrúar 2018

Ólafur Samúelsson, formaður

  
Tinna Eysteinsdóttir, forstöðumaður